

Nd.

448. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 1. gr. 1. Orðin »kornvörum«, »steinolíu« falli burt.

Við 1. gr. 2. Aftan við »tunnuhlutum« bætist: nema síldartunnum og kjöttunnum og tilsniðnu efni í þær. Á eftir »bifvjelum (mótorum), heilum og í hlutum« komi: rafmagnsvjelum, vatnsvirkjunarvjelum.

Við 1. gr. 4. a. Liðurinn orðist þannig:

Af salti 1 kr. af hverri smálest.

Við 1. gr. 4. b. Liðurinn orðist þannig:

Af kolum 1 kr. af hverri smálest.

Aftan við bætist nýr staffiður, c:

Af steinolíu 15 auro af hverjum 50 kg.

Málgreinin »Kolatoll« eru í gildið fellur niður.

Aftan við orðin »endursendar umbúðir« í niðurlagi 1. málsl. næstsiðustu málsgr. 1. gr. bætist: síldartunnur og kjöttunnur og tilsniðið efni í þær, þar á meðal gjarðæfni, ennfremur kornvörur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa fengið staðfesting, skal fella texta þeirra og laga nr. 32, 27. júní 1925, inn í meginmál laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, og gefa þau út svo breytt.